



Aa



Börn og netmiðlar

Kynferðisleg komment & nektarmyndir



FJÖLMIÐLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION



Börn og netmiðlar

2. HLUTI - KYNFERÐISLEG KOMMENT OG NEKTARMYNDIR

Febrúar 2022

Fjölmiðlanefnd

Menntavísindastofnun

Höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir

Umsjón: Skúli B. Geirdal

Inngangsorð	4
Helstu niðurstöður	5
Framkvæmd könnunar	6
Niðurstöður	
Kynferðisleg komment á netinu	7
• Hefur þú undanfarið ár fengið kynferðislegt komment á netinu?	
• Síðast þegar þú fékkst kynferðislegt komment á netinu, hvernig upplifðir þú það?	
• Síðast þegar þú fékkst kynferðislegt komment á netinu, hvað gerðir þú?	
Deiling nektarmynda á netinu	12
• Hefur einhver sent þér nektarmynd (til dæmis typpamynd)?	
• Hver hefur sent þér nektarmyndir?	
• Hefur einhver beðið þig um nektarmynd af þér?	
• Hver hefur beðið þig um nektarmynd/ir af þér?	
• Hefur þú sent eða deilt nektarmynd af þér undanfarið ár?	
• Hefur þú sent eða deilt nektarmynd eða nektarmyndbandi af öðrum en þér undanfarið ár?	
• Hefur þú einhvern tíma fengið borgað fyrir að deila eða senda nektarmynd af þér?	
Yfirlit um fjölda þátttakenda	21
Þakkir	22

Fjölmiðlanefndir á Norðurlöndunum og í öðrum ríkjum álfunnar hafa með reglubundnum hætti kannað hvernig börn og ungmenni nota fjölmiðla og samfélagsmiðla. Með því að gera reglubundnar kannanir og vinna úr þeim tölfraðilegu gögnum sem safnað er má fylgjast með þeim breytingum sem verða á notkun. Á grundvelli upplýsinganna er hægt að eiga samtal um ólíka notkun, gefa góð ráð og búa til fræðsluefni fyrir ólíka aldurshópa.

Fjölmiðlanefnd fékk Menntavísindastofnun Háskóla Íslands til að framkvæma viðtæka spurningakönnun meðal grunn- og framhaldsskólanema á aldrinum 9-18 ára um allt land á vormánuðum árið 2021. Um var að ræða norska rannsókn, sem var staðfærð og þýdd, en rannsóknin var upphaflega unnin af norsku fjölmiðlanefndinni Medietilsynet, í samstarfi við Sentio Research í Noregi. Auk þess fékk Medietilsynet aðstoð frá norsku Neytendastofnuninni, Kripos og Barnaheillum í Noregi. Umsjón með verkefninu hafði Thea Grav Rosenberg.

Niðurstöður þessarar viðtæku spurningakönnunar meðal íslenskra barna og ungmenna verða kynntar í nokkrum hlutum. Í fyrsta hluta er fjallað um **miðlanotkun barna og ungmenna**. Í öðrum hluta er fjallað um **kynferðisleg komment og nektarmyndir**. Í þriðja hluta er sjónum beint að **öryggi barna og ungmenna á netinu** og í fjórða hluta er viðfangsefnið **klám**. Fimmta skýrslan fjallar um **notkun barna og ungmenna á tölvuleikjum** og sú sjötta um **fjölmiðla-notkun** þeirra og hvort þau verði vör við **falsfréttir**. Síðasta hlutanum er síðan ætlað að lýsa **upplifun barna og ungmenna á netinu**.

Er þetta í fyrsta sinn sem Fjölmiðlanefnd, í samstarfi við Menntavísindastofnun, birtir niðurstöður slíkrar umfangsmikillar könnunar. Fyrirhugað er að gera sambærilega könnun á tveggja til þriggja ára fresti til að kanna miðlanotkun og færni barna og ungmenna þannig að hægt verði að bera saman niðurstöðurnar og hvernig notkun þróast.


Í lokin verða upplýsingarnar gerðar aðgengilegar í heildstæðri skýrslu. Þá verður jafnframt tryggt að fræðasamfélagið og aðrir geti nálgast rannsóknargögn á aðgengilegu formi, að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða, þar sem niðurstöður könnunarinnar geta orðið uppspretta frekari kannana og rannsókna.



Elfa Ýr Gylfadóttir

Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar


FENGID KYNFERÐISLEGT KOMMENT Á NETINU



Stelpur eru mun líklegri en strákar til að hafa fengið **kynferðislegt komment** á netinu.

Um helmingi stráka og stelpna **er sama** um að hafa fengið kynferðislegt komment.


FENGID SENDAR NEKTARMYNDIR



Stelpur eru mun líklegri en strákar til að hafa fengið **sendar nektarmyndir**.

Um 7 af hverjum 10 stelpum og 3 af hverjum 10 strákum sem hafa fengið nektarmyndir sendar, fengu þær **frá ókunnugum** á netinu.


BEÐIN UM NEKTARMYNDIR



Stelpur eru mun líklegri en strákar til að hafa fengið **beiðni um að senda nektarmyndir**.

7 af hverjum 10 stelpum í framhaldsskóla höfðu fengið slíka beiðni.


BEIÐNIR FRÁ ÓKUNNUGUM UM NEKTARMYNDIR



Tæplega 7 af hverjum 10 stelpum sem hafa fengið beiðni um nektarmynd **fengu beiðnina frá ókunnugum** á netinu, samanborið við 3 af hverjum 10 strákanna.*

*Athugið að þessi spurning var með birtingarskilyrði og **hlutföll miðast við þá sem höfðu fengið beiðni um nektarmynd**.

HAFA SENT NEKTARMYNDIR



Tæplega 3 af hverjum 10 stelpum (18 ára og yngri) í framhaldsskóla **hafa sent af sér nektarmynd** en 2 af hverjum 10 strákum.

2% þátttakenda í 8.-10. bekk og 3% í framhaldsskóla sögðust hafa **móttekið greiðslu eða gjöf** fyrir að hafa deilt af sér nektarmynd.

Í skýrslu þessari birtist hluti af niðurstöðum könnunarinnar *Börn og netmiðlar*. Könnunin náði um allt land og byggir á rannsókn norsku fjölmiðlanefndarinnar *Barn og media*. Við þökkum henni fyrir aðstoð og samstarf við undirbúning og skipulagningu þessa verkefnis.

Fyrirlögn könnunarinnar var rafræn með slembivöldu úrtaki skólanema á aldrinum 9 – 18 ára. **Alls tóku 5.911 nemendur þátt**, þar af voru 4.802 grunnskólanemendur í 4.-10. bekk og 1.109 framhaldsskólanemendur. Könnunin var framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti í grunnskólum annars vegar og framhaldsskólum hins vegar.

Í þeim hluta könnunarinnar sem framkvæmdur var á **meðal grunnskólanema voru skólar slembivaldir á öllum landsvæðum**. Heimild var fengin hjá fræðslustjórum eða skólaskrifstofum viðkomandi svæða til að hafa samband við skólastjóra innan viðkomandi fræðslusvæðis. **23 af 25 boðuðum skólum samþykktu þátttöku**. Úrlausnir bárust frá öllum skólum nema tveimur. Skólarnir sendu forsjáraðilum nemenda upplýsingabréf frá rannsakendum um fyrirhugaða könnun og gefinn var kostur á að hafna þátttöku. **Könnunin var lögð fyrir grunnskólanemendur í kennslustund** eftir settum verklagsreglum og notaðar voru tölvur í eigu skólanna.

Fyrirlögn meðal nemenda framhaldsskólanna var að nokkru leyti frábrugðin þó að þátttakendur hafi fengið sama spurningalista og nemendur á unglingastigi grunnskóla. Haft var samband við um **30 framhaldsskóla og 23 þeirra samþykktu þátttöku**. Starfsmenn skóla sendu upplýsingar um fyrirhugaða könnun til forsjáraðila allra nemenda sem ekki höfðu náð 18 ára aldri, að auki fylgdu með upplýsingar fyrir þá sem vildu hafna þátttöku barna sinna. **Netpóstur með upplýsingum um könnunina og þátttökuhlekk var síðan sendur í netpósti til allra nemenda** sem voru 18 ára eða yngri og höfðu ekki hafnað þátttöku. Allir skólar nema einn sendu út eina ítrekun til nemenda.

Þátttakendum var gerð grein fyrir að þeim bæri engin skylda til að taka þátt í könnuninni, þeir mættu sleppa spurningum og/eða hætta þátttöku hvenær sem þeir vildu. **Einnig var þeim greint frá því að ekki væri verið að afla neinna persónuupplýsinga**. Útsendir spurningalistar voru að meginstofni til þeir sömu, **styttri útgáfa var fyrir nemendur í 4.-7. bekk**, en lengri listi með viðbættum efnisflokkum var ætlaður nemendum í 8. bekk og eldri. Þátttakendur í framhaldsskólum fengu sama spurningalista og lagður var fyrir nemendur í 8.-10. bekk grunnskóla.

Tímabil fyrirlagnar var frá miðjum mars og fram til fyrstu viku maímánaðar 2021. Niðurstöður fyrir grunnskólanema voru vigtaðar fyrir bekk og landssvæði. Niðurstöður fyrir framhaldsskólanema voru vigtaðar eftir kyni og landssvæði.


KYNFERÐISLEG KOMMENT Á NETINU

KYNFERÐISLEGAR ATHUGASEMDIR Á NETINU

Allir þátttakendur á unglinga- og framhaldsskólastigi (12-18 ára) voru spurðir um nokkur atriði varðandi kynferðisleg komment á netinu. Til þess að ná fram sameiginlegum skilningi þátttakenda á spurningunum var orðið „komment“ notað frekar en „athugasemd.“

MYND 1.1. HEFUR ÞÚ UNDAFARIÐ ÁR FENGIÐ KYNFERÐISLEGT KOMMENT Á NETINU (TIL DÆMIS Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM, Í TÖLVULEIKJUM EÐA SÍMANUM)?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Athugið að 4.-7. bekkur fékk ekki spurningarnar. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=2312, Framhaldsskóli n= 1092).



Tæplega 20% nemenda í 8.-10. bekk hafa fengið kynferðislegt komment á netinu síðastliðið ár. Hlutfallið meðal framhaldsskólanema er heldur hærra eða 29%. Meirihluti þátttakenda hefur hins vegar ekki fengið slíkar athugasemdir.

MYND 1.2. HEFUR ÞÚ UNDAFARIÐ ÁR FENGIÐ KYNFERÐISLEGT KOMMENT Á NETINU (TIL DÆMIS Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM, Í TÖLVULEIKJUM EÐA SÍMANUM)?

Niðurstöður flokkaðar eftir strákum, stelpum og skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Nokkur munur er á fjölda stráka og stelpna sem hafa fengið kynferðislegt komment á netinu síðastliðið ár. Í 8.-10. bekk eru stelpur (23%) líklegri en strákar (14%) til þess að segjast hafa fengið slík komment. Munurinn milli kynja verður meiri með hækkandi aldri og í framhaldsskóla er hlutfall stelpna um tvöfalt hærra (39%) en stráka (19%).

HVERNIG UPPLIFA UNGMENN KYNFERÐISLEG KOMMENT Á NETINU?

Þátttakendur sem svöruðu þeirri spurningu játandi að þeir hefðu fengið kynferðislegt komment á netinu voru spurðir nánar út í þá upplifun.

MYND 1.3. SÍÐAST ÞEGAR ÞÚ FÉKKST KYNFERÐISLEG KOMMENT Á NETINU, HVERNIG UPPLIFDIR ÞÚ ÞAÐ?

Spurning með birtingarskilyrðum. Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=405, Framhaldsskóli n= 106).




Um helmingur þátttakenda sem fengu kynferðisleg komment á netinu valdi valmöguleikann „mér var sama“ til þess að lýsa upplifun sinni af því. Þriðjungi nemenda í 8.-10. bekk fannst viðbjóðslegt að fá slík skilaboð og 11% til viðbótar sögðust hafa fundið fyrir hræðslu. Á framhaldsskólastigi fannst 27% þátttakenda viðbjóðslegt að fá slík skilaboð og 9% fundu fyrir hræðslu. Hlutfall svarenda sem líkar slík skilaboð og finnst þau jafnvel spennandi er nokkuð hærra í framhalds- skóla samanborið við svarendur á unglingastigi.

MYND 1.4. SÍÐAST ÞEGAR ÞÚ FÉKKST KYNFERÐISLEGT KOMMENT Á NETINU, HVERNIG

UPPLIFDIR ÞÚ ÞAÐ?

Spurning með birtingarskilyrðum. Niðurstöður flokkaðar eftir kyni og skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Um helmingur stráka og stelpna í 8.-10. bekk og framhaldsskóla er sama þótt þau fái kynferðisleg komment á netinu. Í 8.-10. bekk er strákum frekar sama en stelpum, en kynjahlutfallið snýst við í framhaldsskóla þar sem fleiri stelpum er sama um slík komment.

Mun fleiri stelpum en strákum finnst viðbjóðslegt að fá kynferðisleg komment á netinu. Í 8.-10. bekk eru hlutföllin 43% stelpur og 17% strákar, en í framhaldsskóla eru hlutföllin 44% stelpur og 10% strákar. Einnig er algengara að stelpur á unglingastigi finni frekar fyrir hræðslu en strákar á sama aldri.

Strákar eru hins vegar mun líklegri til að finnast kynferðisleg komment á netinu spennandi og/eða líka við þau, sérstaklega í framhaldsskóla en þriðjungur stráka (34%) líkar það á móti aðeins 3% stelpna.


HVERNIG BREGÐAST UNGMENNIN VIÐ ÞEGAR ÞAU FÁ KYNFERÐISLEG KOMMENT?

Þátttakendur á unglinga- og framhaldsskólastigi sem undanfarið ár höfðu fengið kynferðislegt komment á netinu fengu líka spurningar um viðbrögð sín síðast þegar það gerðist.


MYND 1.5. SÍÐAST ÞEGAR ÞÚ FÉKKST KYNFERÐISLEGT KOMMENT Á NETINU, HVAÐ GERÐIR ÞÚ?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Athugið að þetta er spurning með birtingarskilyrðum og að merkja mátti við fleiri en einn valkost. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=405, Framhaldsskóli n= 216).

8.-10. bekkur




Framhaldsskóli



Næstum helmingur ungmenna sem höfðu fengið kynferðislegt komment á netinu gerðu ekkert. Algengasta viðbragðið þar á eftir, á báðum skólastigum, var að blokka þann sem setti inn kommentið, 33% í 8.-10. bekk og 24% í framhaldsskóla brugðust við með þeim hætti. Í 8.-10. bekk segja 18% systkini, vini eða vinkonu frá sendingunni og 14% í framhaldsskóla. Tveir af tíu þátttakendum á framhaldsskólaaldri (21%) héldu áfram að vera í sambandi við þann sem setti inn kommentið en það gerðu einungis 8% þátttakenda í 8.-10. bekk. Nánar má sjá viðbrögð þátttakenda á mynd 1.5.

MYND 1.6. SÍÐAST ÞEGAR ÞÚ FÉKKST KYNFERÐISLEGT KOMMENT Á NETINU, HVAÐ GERÐIR ÞÚ?

Niðurstöður flokkaðar eftir strákum, stelpum og skólastigum. Athugið að svarendur eru aðeins þeir sem höfðu fengið kynferðislegt komment og merkja mátti við fleiri en einn valkost. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Á mynd 1.6 sést að í 8.-10. bekk er líklegra að strákar fremur en stelpur geri ekkert þegar þeir fá kynferðisleg komment á netinu. Stelpur á báðum skólastigum eru mun líklegri en strákar til að blokka einstaklinginn sem kommentaði og einnig að segja vinum sínum frá sendingunni. Rúmlega þriðjungur stráka í framhaldsskóla hélt áfram að vera í sambandi við þann er sendi þeim kynferðisleg komment á netinu. Þá vekur einnig athygli að enginn strákur hafði notað hnapp á netinu til að tilkynna kommentið.


DEILING NEKTARMYNDNA Á NETINU

HVERSU ALGENGT ER AÐ UNGMENNI FÁI SENDAR NEKTARMYNDIR?

Þátttakendur í 8.-10. bekk grunnskóla (unglingastig) og 18 ára og yngri nemendur í framhaldsskóla voru spurðir nokkurra spurninga um deilingu nektarmynda. Hvort þau hafi fengið sendar nektarmyndir af öðrum, hvort þau hafi verið beðin um að deila nektarmyndum af sér og hvort þau hafi sent slíkar myndir af sér eða öðrum.

MYND 2.1. HEFUR EINHVER SENT ÞÉR NEKTARMYND (TIL DÆMIS TYPPAMYND)?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (8.-10. bekkur n= 2312, framhaldsskóli n= 1092).



Þriðjungur nemenda í 8.-10. bekk grunnskóla hefur einhvern tíma fengið sendar nektarmyndir og í framhaldsskóla hefur rúmur helmingur nemenda fengið slíkar myndsendingar.

MYND 2.2. HEFUR EINHVER SENT ÞÉR NEKTARMYND (TIL DÆMIS TYPPAMYND)?

Niðurstöður flokkaðar eftir kyni og skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Nokkuð hærra hlutfall stelpna en stráka á báðum skólastigum hefur fengið sendar nektarmyndir. Eins og sjá má á mynd 2.2 eykst hlutfall stelpna og stráka með aldri og í framhaldsskóla hafa nær sjö af hverjum tíu stelpum fengið slíkar myndsendingar samanborið við fjóra af hverjum tíu strákum. Hlutfallsleg aukning hjá strákum og stelpum milli skólastiga er svipuð eða um 60%.


HVERJIR SENDA NEKTARMYNDIR?

Þátttakendur á unglinga- og framhaldsskólastigi sem höfðu fengið sendar nektarmyndir voru spurðir hver hefði sent þeim slíkar myndir.


MYND 2.3. HVER HEFUR SENT ÞÉR NEKTARMYNDIR?

Fjölvalsspurning með birtingarskilyrði. Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (8.-10. bekkur n=727, framhaldsskóli n= 389).

8.-10. bekkur



Framhaldsskóli




Rúmlega helmingur þeirra þátttakenda á báðum skólastigum sem hafa fengið sendar nektarmyndir fékk þær frá ókunnugum einstaklingum á netinu. Í 8.-10. bekk fengu tveir af hverjum tíu nektarmyndir sendar frá vini sem er strákur, en einn af hverjum tíu frá vini sem er stelpa. Jafn margir móttakendur mynda í 8.-10. bekk fengu myndirnar frá kærasta/kærustu sinni og/eða einhverjum öðrum ótilgreindum (16%). Þá hafa 15% þeirra fengið nektarmyndir frá aðila sem þau þekkja aðeins af netinu eða stefnumótasiðu.

Meðal 18 ára og yngri framhaldsskólanema er næst algengasti valkosturinn (42%) að hafa fengið myndirnar frá kærasta/kærustu. Hlutföll þeirra sem fengu nektarmyndasendingu frá vini sem er strákur er 26% en 19% frá vini sem er stelpa. Fjórðungur móttakenda nektarmynda í framhaldsskóla fengu myndirnar frá manneskju sem þeir þekkja aðeins af netinu eða stefnumótasiðu.

MYND 2.4. HVER HEFUR SENT ÞÉR NEKTARMYNDIR?

Fjölvalsspurning. Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (8.-10. bekkur n=727, framhaldsskóli n= 389).



Mun fleiri stelpur en strákar á báðum skólastigum fengu nektarmyndir sendar frá ókunnugri manneskju á netinu. Sjö af hverjum tíu stelpum á báðum skólastigum sem fengu nektarmyndir sendar fengu þær frá ókunnugum einstaklingum á netinu. Þá má sjá að í báðum aldurshópum eru stelpur líklegri til að fá sendar nektarmyndir frá vini sem er strákur og strákar líklegri til að móttaka nektarmyndir frá vini sem er stelpa.

Tæpur helmingur stráka í framhaldsskóla sem hafa móttengið nektarmyndir höfðu fengið myndirnar frá kærustu/kæra sínum. Hlutfall stelpna sem höfðu fengið nektarmyndir frá kærasta/kærustu sinni er heldur lægra eða 37%.


Í báðum aldurshópum eru stelpur aðeins líklegri en strákar til að hafa fengið nektarmyndir frá einhverjum sem þær þekkja af netinu eða stefnumótasiðum. Nánar má sjá hvernig hlutföll skiptast eftir kyni á mynd 2.4.

BEIÐNI TIL UNGMENNA UM AÐ ÞAU SENDI AF SÉR NEKTARMYNDIR

Þátttakendur á unglinga- og framhaldsskólastigi voru einnig spurðir hvort einhver hefði beðið þá um að senda eða deila nektarmynd af þeim sjálfum.

MYND 2.5. HEFUR EINHVER BEÐIÐ ÞIG UM NEKTARMYND AF ÞÉR?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (8.-10. bekkur n= 2312, framhaldsskóli n= 1092).



Fjögur af hverjum tíu börnum í 8.-10. bekk hafa verið beðin um að senda af sér nektarmynd og rúmlega helmingur allra þátttakenda í framhaldsskóla. Sjá má hvernig hlutföllin skiptast milli stráka og stelpna á næstu mynd.

MYND 2.6. HEFUR EINHVER BEÐIÐ ÞIG UM NEKTARMYND AF ÞÉR?

Niðurstöður flokkaðar eftir kyni og skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Á báðum skólastigum er mun líklegra að stelpur fremur en strákar hafi fengið beiðni um að senda eða deila af sér nektarmynd.

Hlutfall þeirra sem hafa verið beðin um nektarmynd af þeim sjálfum eykst með hækkandi skólastigi, en hlutfallslegur munur milli stráka og stelpna er sá sami (43%).


HVERJIR BIÐJA BÖRN OG UNGMENNI AÐ DEILA NEKTARMYNDUM?

Þátttakendur á unglinga- og miðstigi sem höfðu fengið beiðni um að senda eða deila nektarmynd af sér voru spurð hverjir það hefðu verið sem báðu um myndirnar. Svarendur gátu hakað við fleiri en einn valkost og niðurstöður má sjá á næstu mynd.


MYND 2.7. HVER HEFUR BEIÐ ÞIG UM NEKTARMYND/IR AF ÞÉR?

Fjölvalsspurning með birtingarskilyrði. Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (8.-10. bekkur n= 779, framhaldsskóli n= 387).

8.-10. bekkur



Framhaldsskóli




Algengast er að beiðni um að börn og ungmenni sendi af sér nektarmyndir komi frá ókunnugum einstaklingum á netinu. Þetta á við um helming allra 13-18 ára barna sem hafa fengið beiðni um að senda af sér nektarmynd, 55% þolenda í 8.-10. bekk grunnskóla og 49% í framhaldsskóla.

Í 8.-10. bekk kom beiðnin frá vini sem er strákur í fjórðungi tilfella. Álíka margir fengu beiðnina frá kunningja (18%) og kærasta/kærustu (16%) eða einhverjum öðrum (16%).

Meðal þátttakenda í framhaldsskóla hafði rúmlega þriðjungur fengið beiðni um sendingu nektarmyndar frá kærasta/kærustu (36%), einstaklingi sem svarendur höfðu kynnst á netinu eða stefnumótasíðum (31%) og vini sem er strákur (29%). Nánar má sjá niðurstöður flokkaðar eftir kyni á mynd 2.8.

MYND 2.8. HVER HEFUR BEIÐ ÞIG UM NEKTARMYND/IR AF ÞÉR?

Fjölvalsspurning með birtingarskilyrði. Niðurstöður flokkaðar fyrir stráka og stelpur eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Sex til sjö af hverjum tíu stelpum sem höfðu verið beðnar um að senda af sér nektarmynd fengu beiðnina frá ókunnugum einstaklingi á netinu, en um þrír af hverjum tíu strákum.


Á báðum skólastigum er hlutfall stelpna nokkuð hærra en hlutfall stráka sem höfðu fengið beiðnina frá vini sem er strákur. Í samræmi við það hafa fleiri strákar en stelpur fengið beiðni frá vini sem er stelpa. Hlutfallslega fleiri strákar en stelpur hafa fengið beiðni um nektarmynd frá kærustu/kærasta. Hlutfallslega fleiri stelpur heldur en strákar hafa fengið beiðni frá einstaklingi sem þær kynntust á netinu, kunningja eða einhverjum ótilgreindum öðrum.

HVERSU ALGENGT ER AÐ UNGMENNI DEILI NEKTARMYNDUM AF SÉR?

Þátttakendur á unglinga- og framhaldsskólastigi voru enn fremur spurðir hvort þeir hefðu sent eða deilt nektarmynd af sér undanfarið ár.

MYND 2.9. HEFUR ÞÚ SENT EÐA DEILT NEKTARMYND AF ÞÉR UNDAFARIÐ ÁR?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (8.-10. bekkur n= 2312, framhaldsskóli n= 1092).



Einn af hverjum tíu þátttakendum í 8.-10. bekk hefur deilt nektarmynd af sér en einn af hverjum fjórum framhaldsskólanemum.

MYND 2.10. HEFUR ÞÚ SENT EÐA DEILT NEKTARMYND AF ÞÉR UNDAFARIÐ ÁR?

Niðurstöður flokkaðar fyrir stráka og stelpur eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Stelpur eru heldur líklegri til að hafa sent eða deilt af sér nektarmynd undanfarið ár. Í 8.-10. bekk hafa 12% stelpna sent slíka mynd en 8% stráka. Heldur fleiri þátttakendur í framhaldsskóla hafa sent af sér nektarmynd sl. ár, um þrjár af hverjum tíu stelpum og tveir af hverjum tíu strákum.

HVERSU ALGENGT ER MEÐAL UNGMENNA AÐ DEILA NEKTARMYNDUM AF ÖÐRUM?

Í könnuninni voru þátttakendur á unglinga- og framhaldsskólastigi spurðir hvort þeir hefðu sent eða deilt nektarmyndum eða nektarmyndböndum af öðrum undanfarið ár. Þessi spurning var ekki háð svörum við fyrri spurningum.

MYND 2.11. HEFUR ÞÚ SENT EÐA DEILT NEKTARMYND EÐA NEKTARMYNDBANDI AF ÖÐRUM EN ÞÉR UNDAFARIÐ ÁR?


Niðurstöður eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (8.-10. bekkur n= 2312, framhaldsskóli n= 1092).



Á báðum skólastigum höfðu 3% þátttakenda deilt, á síðasta ári, nektarmyndum eða myndskleiðum af öðrum en þeim sjálfum. Engu að síður er örlítill munur á stráku og stelpum eftir skólastigum. Nokkuð færri stelpur en strákar höfðu deilt eða sent slíkar myndir eða myndskleið. Færri stelpur í framhaldsskóla (0,7%) höfðu sent nektarmyndir eða nektarmyndbönd af öðrum en stelpur í 8.-10. bekk (2,3%).

MYND 2.12. HEFUR ÞÚ SENT EÐA DEILT NEKTARMYND EÐA NEKTARMYNDBANDI AF ÖÐRUM EN ÞÉR UNDAFARIÐ ÁR?

Niðurstöður flokkaðar eftir strákum og stelpum og skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




GREIÐSLA FYRIR NEKTARMYNDIR

Allir þátttakendur á unglinga- og miðstigi voru spurðir hvort þeir hafi einhvern tíma fengið greitt fyrir deilingu nektarmynda af sér. Þessi spurning var ekki háð svörun við fyrri spurningar.

MYND 2.13. HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA FENGIÐ BORGAD FYRIR AÐ DEILA EÐA SENDA NEKTARMYND AF ÞÉR?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur. (8.-10. bekkur n= 2312, framhaldsskóli n= 1092).



Um 2% af þátttakendum í 8.-10. bekk höfðu fengið peningagreiðslu fyrir að deila af sér nektarmyndum og í framhaldsskóla er hlutfallið 3%. Hlutfall þeirra sem segjast hafa fengið gjafir fyrir deilingu nektarmynda af sér er 0,7% í 8.-10. bekk og 0.01% í framhaldsskóla.

Örlítið hærra hlutfall stráka (1,9%) en stelpna (1,1%) í 8.-10. bekk merkti við að hafa fengið peningagreiðslu fyrir að senda nektarmyndir af sér. Hlutfallið meðal framhaldsskólanema er 2,8% meðal stráka og 3,5% meðal stelpna. Innan við 1% þátttakenda segist hafa fengið gjafir gegn deilingu nektarmynda. Sökum fárra jákvæðra svara er ekki birt mynd með flokkun eftir kyni.

YFIRLIT UM FJÖLDA ÞÁTTAKENDA

Í töflunni hér á eftir má sjá fjölda þátttakenda í grunn- og framhaldsskólum flokkaða eftir kyni og bekk eða aldri. Þar sem niðurstöður könnunarinnar eru vigtaðar eftir kyni með viðmiðunartölum frá Hagstofu Íslands er aðeins mögulegt að birta niðurstöður fyrir stelpur og stráka.

Grunnskóli	Stelpur		Strákar		Annað		Fjöldi alls	
4. bekkur	228	46.0%	267	53.8%	1	0.2%	496	100,0%
5. bekkur	307	48.9%	309	49.2%	12	1.9%	628	100,0%
6. bekkur	332	48.9%	332	48.9%	15	2.2%	679	100,0%
7. bekkur	332	50.1%	312	47.1%	19	2.9%	663	100,0%
8. bekkur	432	52.2%	365	44.1%	31	3.7%	828	100,0%
9. bekkur	378	47.8%	383	48.5%	29	3.7%	790	100,0%
10. bekkur	351	48.9%	347	48.3%	20	2.8%	718	100,0%
Samtals	2360	49.1%	2315	48.2%	127	2.6%	4802	100,0%

Framhaldsskóli								
15 ára	1	33,3%	2	66,7%	0	0,0%	3	100,0%
16 ára	147	57,9%	102	40,2%	5	2,0%	254	100,0%
17 ára	341	62,7%	193	35,5%	10	1,8%	544	100,0%
18 ára	201	65,3%	104	33,8%	3	1,0%	308	100,0%
Samtals	690	62,4%	401	36,3%	18	1,6%	1109	100,0%

TAFLA 1. FJÖLDI ÞÁTTAKENDA EFTIR BEKK/ALDRI OG KYNI.

BESTU ÞAKKIR

ÞAKKIR

Við þökkum skólaskrifstofum og fræðslustjórum fyrir að veita skólum sínum leyfi til að taka þátt í könnuninni Börn og netmiðlar. Kennarar grunnskólanna sem samþykktu góðfúslega að sjá um könnunina og öll ungmennin sem svöruðu spurningalistanum eiga bestu þakkir skilið.

Einnig þökkum við skólameisturum framhaldsskóla fyrir að taka jákvætt í erindi okkar og aðstoða okkur við framkvæmd könnunarinnar meðal framhaldsskólanema.